


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	Áfangaheiti HSU 202 Kennsluáætlun Haust 2010	

Kennari	Stefán Finnbogason	Sk.st.	STF
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Undanfari: HSU 102 **Æskileg námsönn:** 5.

Nemendur læra að undirbúa og sjóða MIG-suðu og Tig-suðu á áli, ryðfríu stáli og einnig á stáli. Þeir læra að sjóða efnisþykktir 2 – 6 mm í stál, ryðfrítt stál og ál samkvæmt gæðaflokki C (ÍST EN 25817) í plötu og rör. Þeir skipuleggja suðuverkefni m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi. Nemendur læra að sjóða eftir suðuferilslýsingum og öðlast þekkingu á kostum mismunandi suðuvíra og aðferða.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **þekkja:**

- suðuferilslýsingar og gildi þeirra
- áhrif mismunandi skögunar vírs á straumstyrk, afköst og innbræðslu
- eiginleika úðaboga- og stuttbogasuðu
- aðferðir til að hreinsa oxíðhúð af áli fyrir suðu
- helstu suðugalla í áli og orsakir þeirra
- aðferðir til að hreinsa oxíðhúða af ryðfríu stáli eftir suðu
- áhrif suðu á tæringarþol í ryðfríu stáli
- gastegundir og gasblöndur sem notaðar eru við suðu á stáli, áli og ryðfríu stáli
- hlutverk hlífðargassins og réttar stillingar þess
- alla hluta suðubyssunnar, drifbúnað og leiðara fyrir MIG/MAG
- öryggismál:

öryggisreglur við meðhöndlun hreinsiefna fyrir ryðfrítt stál
helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna geislunar, hita, ósonmyndunar, reyks og eldfim efni

- hlífðarfatnað og hlífar

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **geta:**

- stillt suðutækin þ.e. straum, vírhraða, spennu og straumdempun (viðnám), þannig að hæfi efnisþykkt og suðurauf
- sett rúlluvír í suðutækin og valið rétta spíssa, drifbúnað og barka
- stillt gasflæði, valið gashulsu og skaut
- soðið í suðustöðum PA-BW, PA-FW, PB-FW, PC-BW, PF-FW, PF-BW
- gegnumsoðið 5 mm stálpötu öðru megin frá í suðustöðu PF-BW í V-rauf
- metið algengustu suðugalla og orsakir þeirra
- soðið eftir suðuferilslýsingum
- mælt og skráð viðeigandi upplýsingar varðandi suðuverkefnið s.s. spennu, straum, raufarstærð og aðrar upplýsingar fyrir suðuferilslýsingar
- valið vír á eigin spýtur m.t.t. efnis og suðuraufar
- sinnt viðhaldi á fylgibúnaði suðuvéla

uppfyllt reglur um öryggismál+

Námsgögn:

Myndbönd frá framleiðendum suðubúnaðar.


Handbækur frá framleiðendum suðubúnaðar.

Ljósrit frá kennara.

Kennslubækur:


MIG/MAG útgefandi Iðan fræðslusetur.

TIG-SUÐA útgefandi Iðan fræðslusetur.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	Áfangaheiti HSU 202 Kennsluáætlun Haust 2010	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Yfirferð og verkefni	Efni
1	MIG/MAG suða: Sýning á myndbandi frá framleiðanda MIG-suðuvéla, farið yfir stillingar á vélum, hlífðargas og öryggisþætti. Farið yfir suðuferilslýsingar.	
2	MIG/MAG suða: Nemendur byrja að sjóða æfingasúður í suðustöðunum PB-FW, PF-FW, PG-FW og PF-BW.	2-6mm
3	MIG/MAG suða: Nemendur byrja að sjóða æfingasúður í suðustöðunum PB-FW, PF-FW, PG-FW og PF-BW.	2-6mm
4	MIG/MAG suða: Nemendur efna niður í skilaverkefni og byrja að setja saman.	2-6mm
5	MIG/MAG suða: <i>Nemendur klára og skila verkefni sem metið er til lokaeinkunnar.</i>	2-6mm
6	TIG suða (rörasuða): Sýning á myndbandi frá framleiðanda TIG-suðuvéla, farið yfir stillingar á vélum, hlífðargasi og öryggisþætti. Soðnar æfingasúður. Farið yfir suðuferilslýsingar.	1-3mm
7	TIG suða (rörasuða): Nemendum skipt í hópa og sjóða ýmist í rf. eða svart efni æfingasúður í suðustöðunum PF-BW	1-3mm
8	TIG suða (rörasuða): Nemendum skipt í hópa og sjóða ýmist í rf. eða svart efni æfingasúður í suðustöðunum PF-BW	1-3mm
9	TIG suða (rörasuða): Nemendum skipt í hópa og sjóða ýmist í rf. eða svart efni æfingasúður í suðustöðunum PF-BW.	1-3mm
10	TIG suða (rörasuða): <i>Nemendur taka próf í TIG suðu sem metið er til lokaeinkunnar.</i>	1-3mm
11	TIG suða og MIG suða: Farið yfir stillingar á vélum, hlífðargasi og öryggisþætti. Soðnar æfingasúður í Ál og ryðfrítt efni.	1-6mm
12 – 13	TIG suða: Nemendur sjóða ýmist stúf eða kverksúður í Ál og ryðfrítt efni.	1-6mm
14	TIG suða: <i>Nemendur klára og skila verkefni sem metið er til lokaeinkunnar.</i>	1-6mm

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 3 af 3	Áfangaheiti HSU 202 Kennsluáætlun Haust 2010	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Frammistaða á önn	Annarstarf og áfangapróf (vinnuáhugi, umgengni, umhirða tækja). <u>ATH: Mæti nemandi ekki í próf sem tekin eru á önninn fær hann þátt ekki metinn til lokaeinkunnar.</u>	75%
Verklegt	Verklegt próf í lok áfangans.	25%
Leyfð hjálpargögn í prófi	Öll almenn suðu- og smíðatól.	

Verkefni: Sjá áætlun um yfirferð

Annað

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganunum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka. Verður sú umsókn að koma fram ekki seinna en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistarmörk.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils